

VIÐHALD

MÁNUDAGUR 16. SEPTEMBER 2013

FASTEIGNA

Ekkert múrbrot

Fyrirtækið Oliner System Iceland sérhæfir sig í að fódra lagnir og notar til þess vottuð efni. [SÍÐA 2](#)

Heildarþjónusta

Eignaumsjón er leiðandi þegar kemur að heildarþjónustu í rekstri atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. [SÍÐA 2](#)

Lagnir og viðhald

GG Lagnir sinnir almennri pípulagninga-þjónustu og stendur framarlega í fódningu lagna. [SÍÐA 3](#)

Múr- og steypuviðgerðir

Hágæði annast múr- og steypuviðgerðir og sinnir auk þess fyrirbyggjandi vörnum fyrir fasteignir. [SÍÐA 4](#)

Ekkert múrbrot með fóðrun lagna

Oliner System Ísland sérhæfir sig í því að fóðra frárennslislagnir að innan sem þýðir minna rask enda þarf hvorki að grafa né brjóta upp. Fyrirtækið beitir þaulreyndum aðferðum og hafa öll efni sem notuð eru hlotið SINTEF-vottun.

Oliner System Ísland sérhæfir sig í að fóðra frárennslislagnir í húsum; einbýlishúsum, fjölbýlishúsum og húsum þar sem fram fer rekstur. Það er dótturfyrirtæki Olinb Group í Noregi, sem hefur áratugareynslu af fóðrun stærri sem smærri lagna. Oliner System er starfrækt í Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Kanada og nú á Íslandi.

„Við höfum starfsemi undir merkjum Oliner System í apríl en búum þó yfir áralangri reynslu, segir eigandinn Arnar Hreinsson, sem hefur starfað við fagið í sextán ár.

Sérstaða Oliner System felst í því að frárennslislagnir eru lagfærðar að innan án þess að uppgroftur eða múrbrot komi til, sem þýðir mun minna rask en ella. „Frárennslislagnir að heimilum endast í nokkra áratugi en þá fara þær að leka og krefjast endurnýjunar. Áður fyrr þýddi það mikið rask og þurfti heilmikið múrbrot en með því að fóðra lagnirnar að innan er það í lágmarki. Við förum inn í þær í gegnum brunn

fyrir utan hús og síðan í gegnum klósettið að innan svo dæmi séu nefnd. Við beitum viðurkenndri tækni sem er þaulreynd og í stöðugri þróun hjá erlendum samstarfsaðilum en auk þess hafa öll efni sem við notum svokallaða SINTEF-vottun.“

Vandamálin hjá húseigendum lýsa sér að sögn Arnars oft í leka sem getur komið fram inni í vegg, undir húsi eða úti á lóð á leið lagnarinnar út í brunn eða götu. „Þau geta komið fram í eldri jafnt sem yngri rörum og víða er frárennslí í lamasessi og rörin orðin lek. Oft er talað um að steipt rör eigi að endast í 50 ár en raunin er sú að rör fyrir á árum voru ekki framleidd eftir ströngustu gæðakröfum eins og gert er í dag. Lagnir sem voru lagðar frá 1960 og alveg til ársins 1995 voru ekki myndaðar eftir að búið var að leggja þær og gallar eru víða að koma í ljós.“, segir Arnar. Hann segir fráleitt að ætla að 25 ára gömul rör eigi fimmtán ár eftir. „Myndun leiðir annað í ljós.“ Arnarsegir vandamálin þó lýsa sér á mismunandi hátt hjá hverjum og

einum enda ekkert hús eins.

„Við höfum þó ekki enn komið að lögn sem við getum ekki fóðrað og náum að fóðra 25 millimetra lagnir og upp úr,“ segir Arnar. Hann segir fyrirtækið Val Helgason sjá um að ástandsskoða og mynda allar lagnir áður en farið er í verk og kemur það inn sem óháður aðili.

Arnar segir verkin yfirleitt taka frá einni upp í sex vikur, allt eftir umfangi. „Fólk þarf ekki að flytja út á meðan á fóðringu stendur en áður fyrr þýddi viðgerð frárennslislagna yfirleitt að híbýlin voru undirlögð og fólk þurfti að finna sér annan samastað á meðan. Eins þurfti að leggja mikla vinnu í að laga baðherbergi, eldhús eða kjallaragólf með tilheyrandi kostnaði.“

Aðspurður hvort um sé að ræða mikla líkamlega vinnu segir Arnar svo ekki vera. „Það er aðallega hugvit, aðferðafræði og efnisnotkun sem gildir.“




Oftast er farið í gegnum brunn fyrir utan viðkomandi hús og svo til að mynda klósett að innan. Nánari upplýsingar er að finna á oliner.is og Facebook-síðu Oliner System Ísland.



Sérstaða Oliner felst í því að frárennslislagnir eru lagfærðar að innan og þarf hvorki uppgroft né múrbrot. MYND/GVA



Arnar segir frárennslí víða í lamasessi, jafnt í yngri sem eldri húsum.



Hér má sjá frágang lagnar sem búið er að fóðra að innan.

Réttur tími fyrir viðhald fasteigna

Eignaumsjón er leiðandi á markaðinum þegar kemur að heildarþjónustu í rekstri atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Þar er haldið utan um fjármál og bókhald húsfélaga, húsfundi, tryggingar, ræstingu, tengingar og tilboð við fagaðila vegna viðhalds fasteigna.

Viðhaldi fasteigna á Íslandi er því miður mjög ábótavant og oftast en ekki er beðið of lengi með framkvæmdir á eðlilegu viðhaldi,“ segir Bjarni Þór Ólafsson, byggingafræðingur B.Sc. og þjónustustjóri hjá fyrirtækinu Eignaumsjón.

Algengt er að til Eignaumsjónar leiti húsfélög þar sem ástand fasteignar er orðið mjög slæmt.

„Íslenska aðferðin hefur verið að bíða með viðhald og viðgerðir þar til í óefni er komið, með tilheyrandi aukakostnaði og raski sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir með reglubundnu viðhaldi,“ segir Bjarni og ráðleggur húseigendum að gera viðhaldsáætlun til lengri tíma; til dæmis sjö til tíu ár.

„Í viðhaldsáætlun er sett upp skilmerkilega hvaða verkefni þarf að framkvæma einu sinni á ári, hvaða verkefnum þarf að sinna á 1-3 ára fresti, 3-5 ára fresti og svo framvegis. Slíkar viðhaldsáætlanir hafa verið gerðar lengi með góðum árangri hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum og reynslan sýnir að góð langtíma áætlun í viðhaldi fasteigna leiðir til ódýrari rekstrar-kostnaðar. Við hjá Eignaumsjón leggjum í ríkari mæli áherslu á að viðskiptavinir okkar hugsi um viðhald fasteigna sinna til lengri tíma og ekki síst fjármögnun viðhaldskostnaðar.“

Samráð eigenda

Eigendur í fjölbýli þurfa að koma sér saman um rekstur, viðhald og fjármál á löglega boðuðum húsfundum.

„Mál sem tengjast viðhaldi fasteignar er oft ekki rædd eða skilgreind nógu vel enda skortir oftast en ekki þekkingu,“ segir Bjarni og bendir á einfalt dæmi þar sem Eignaumsjón ráðleggur viðskiptavinum sínum um hvernig hægt væri að standa að málum með einföldum hætti:

- Boða til löglegs fundar með eigendum þar sem fundarefni er til dæmis: Viðhaldsáætlun næstu 7-10 ára.
- Fá samþykkt fundarins til að ráða sérfróðan aðila til að gera ástandsskýrslu og kostnaðarmat á viðgerðum og viðhaldi.
- Viðhaldsáætlun næstu 7-10 ára lögð fram á húsfundi með sundurliðnum á aðgerðum og kostnaði vegna þeirra.
- Nauðsynlegar aðgerðir og viðhald sem strax þarf að framkvæma.
- Viðhald og viðgerðir næstu 1-3 ára.
- Næstu 3-5 ára
- Næstu 5-10 ára

Að sögn Bjarna minnka áætlanir sem þessi hér að ofan líkur á óvæntum kostnaði.

„Verðgildi eignar heldur sér, heildarmynd fæst á allan rekstur og viðhald hússins, ásamt því að greiðsludreifing í framkvæmdar-



Bjarni Þór Ólafsson, byggingafræðingur og þjónustustjóri hjá Eignaumsjón. MYND/PJETUR

sjóð verður jafnari. Þannig helst fasteignin í góðu og stöðugu ástandi og þetta er ekki eins flókið og margir ætla.“

Vanda þarf vel til verka þegar kemur að efnisvali og gæðum vöru sem notuð er til viðhalds og viðgerða. „Oft eru notaðir of ódýrir kostir við viðhald og viðgerðir á húsum, sem eru í raun eins konar „einnota“ aðgerðir. Staðreyndin er sú að betra er að fjárfesta í góðum vörum, sem oft eru dýrari í innkaupum en hafa lengri og betri endingartíma og verða þarf afleiðandi hagkvæmari þegar til lengri tíma er litið. Niðurstaðan verður mun varanlegri lausn fyrir fasteignaeigendur,“ segir Bjarni.

Eignaumsjón – þjónusta við eigendur fasteigna

Fyrirtækið Eignaumsjón hefur verið leiðandi á markaðnum í heildarþjónustu í rekstri atvinnu- og íbúðarhúsnæðis í mörg ár.

„Í raun er Eignaumsjón skrifstofa húsfélags og þar er haldið utan um fjármál og bókhald. Aðal- og húsfundir eru haldnir ásamt því að útvega aðkeypta þjónustu, svo sem verktaka í minniháttar viðhaldsverk, tilboð í tryggingar, tilboð í ræstingu, samskipti við einstaka eigendur við lausn hinna ýmsu mála og síðast en ekki síst tengingar og tilboð við fagaðila viðgerð á ástandsskýrslum og kostn-

aðarmati við gerð á viðhaldsáætlunum,“ útskýrir Bjarni.

Undanfarið hefur Eignaumsjón unnið að þróun nýs og öflugts hugbúnaðar sem er sérsníðinn að þörfum hús- og rekstrarfélaga, og sem miðar meðal annars að því að safna saman dýrmætum gögnum og sögu viðkomandi fasteignar.

„Með þessum búnaði, ásamt öflugum starfsfólki með haldgóða menntun og reynslu, mun Eignaumsjón áfram leitast við að aðstoða eigendur fasteigna af fremsta megni,“ segir Bjarni.

Eignaumsjón er á Suðurlandsbraut 30. Sjá nánar á www.eignaumsjon.is.

Fyrsta flokks vinna í aldarfjórðung

GG Lagnir sjá um almenna pípulagningaþjónustu hvort sem um er að ræða nýlagnir, viðhald, viðgerðir, snjóbræðslulagnir eða að skipta um dren og skólplagnir í eldra húsnæði. Þá stendur fyrirtækið framarlega í fódningu skólplagna.

Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson pípulagningameistari stofnaði GG Lagnir fyrir nákvæmlega aldarfjórðungi. Á þeim tíma hafa hann og starfsmenn hans víðað að sér mikilli reynslu og þekkingu á pípulögnum. Gísli leggur megináherslu á að fólk bíði ekki of lengi með að huga að ástandi lagnanna. Það geti sparað fólki mikla peninga til lengri tíma lítið og því sé tilvalið að hafa samband við GG Lagnir hið fyrsta.

GG Lagnir sjá um almenna pípulagningaþjónustu hvort sem um er að ræða nýlagnir, viðhald, viðgerðir, snjóbræðslulagnir eða að skipta um dren og skólplagnir í eldra húsnæði. Þá stendur fyrirtækið framarlega í fódningu skólplagna. „Við höfum notað lagnir frá gæðafyrirtækinu Inpipe frá árinu 2001 en þær eru heppilegar fyrir sveitarfélög og í stærri verkefni,“ segir Gísli, sem rekur elsta starfandi fódningafyrirtækið á Íslandi. GG Lagnir hafa unnið í nánú samstarfi við fyrirtækið Hreinsitækni. „GG Lagnir eru stærstir og elstir á sviði fódninga hér á landi og hafa því gríðarmikla reynslu á því sviði. GG Lagnir og Hreinsitækni í sameiningu eru með fódningasamning við Orkuveituna og fódra heimaæðar og götulagnir. Allar fódningarnar eru frá I.S.T. sem við notum í heimahús,“ útskýrir Gísli, en fyrirtækið hefur einnig unnið að fódningum á hinum Norðurlöndunum í samstarfi við fyrirtæki þar.

Reynsla og þekking

Reynslumikill hópur starfsmanna starfar hjá GG Lögnum í Dugguvogi. Í þessum mánuði eru tuttugu og fimm ár frá stofnun fyrirtækisins, sem hefur verið í eigu Gísla Hafsteins Gunnlaugssonar frá upphafi en hann er sjálfur lögiltur pípulagningameistari. „Hér starfa tólf manns og um helmingur þeirra er lærðir pípulagningamenn,“ upplýsir Gísli og bætir við að hjá GG Lögnum séu menn hoknir af reynslu.

Fyrirtækið hefur að sögn Gísla úr nægum verkefnum að velja. „Það hefur alltaf verið mikið að gera hjá okkur,“ segir hann og tekur dæmi um að markaðurinn fyrir viðhald og viðgerðir lagna fari ört stækkandi á höfuðborgarsvæðinu enda séu húsin í borginni alltaf að eldast. „Skólplagnir og aðrar lagnir verða að vera í lagi og erfitt fyrir fólk að trassa slíkt,“ segir Gísli.

Gamlar lagnir fá nýtt líf með fódningu

GG Lagnir hafa sérhæft sig í fódningu frá árinu 2001. Fódningu er hægt að nota við holræsaviðgerðir, í brunna og skólplagnir og gefur þannig gömlum lögnum nýtt líf. Sú aðferð veldur minnstu raski að mati Gísla.

„Með fódningu er hægt að laga til dæmis skólprör undir húsum án þess að þurfa að brjóta mikið upp,“ segir hann. „Í raun má segja að við getum leyst allt sem tengist fódningu. Hvort sem það er að fódra heilu rörin eða laga og loka götum staðbundið,“ segir Gísli.

Ekki er þó alltaf hægt að nota fódningu og þá þarf að leggja nýjar



Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson hefur rekið GG Lagnir í 25 ár. Hér er hann ofan í skurði við vinnu sína.



MYNDIR/GVA



GG Lagnir vinna eingöngu með gæðafeni, meðal annars frá Inpipe.

lagnir. „Við metum í hverju tilfelli hvað borgar sig að gera.“

„Við getum fódrað rör sem eru allt frá 100 mm til 1600 mm í þvermál,“ upplýsir Gísli en fyrirtækið vinnur mikið fyrir einstaklinga, húsfélög og sveitarfélög auk Orkuveitu Reykjavíkur. „Við notum til dæmis fódningu í heimæðar sem eru viðurkenndar af Orkuveitunni,“ segir hann. „Inpipe-fódninguna höfum við notað í stærri verkefni fyrir sveitarfélög, til dæmis til að fódra lagnir í götum og slíku. Fódningin sem við notum í minni verkefni er frá IST Scandinavia og er vottuð af viðurkenndum aðilum.“

Pípulagnir af öllum gerðum

GG Lagnir sinna allra handa pípulögnum á borð við nýlagnir, viðhald og viðgerðir, leggja snjóbræðslukerfi og sjá um ofnkranaskipti. „Við tökum að okkur allt sem tengist nýlögnum. Notum og leggjum úr öllum nýjustu efnunum. Við reynum enda að

fylgjast með öllum nýjungum til dæmis með því að senda starfsmenn okkar á þau námskeið sem í boði eru,“ segir Gísli en viðhald og viðgerðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki eru einnig stór hluti af starfsemi. „Þá bjóðum við líka upp á viðhaldssamninga við húsfélög og fyrirtæki,“ bætir Gísli við.

Sjá um dren og skólplagnir

Dren og skólplagnir skipa einnig veglegan sess í starfsemi GG Lagna. „Við höfum skipt um dren og skólplagnir í fjölmögum húsum, hvort heldur sem er einbýli, fjölbýli eða í blokkum, í tuttugu og fimm ár og höfum því mjög góða reynslu á þessu sviði,“ segir Gísli. Fyrirtækið býr ekki aðeins yfir reynslumiklum starfsmönnum heldur einnig mjög góðum búnaði. „Við erum með vörubíl með tveimur gámum, eigum tvær gröfur með liðvagna og einnig öflugan loftpressu,“ telur Gísli upp og áréttar að fyrirtækið skili ávallt teikningum til byggingafulltrúa að verki loknu.



GG Lagnir sjá um almenna pípulagningaþjónustu hvort sem um er að ræða nýlagnir, viðhald, viðgerðir, snjóbræðslulagnir eða að skipta um dren og skólplagnir í eldra húsnæði.

Ekki bíða of lengi

Gísli segir mikilvægt að húseigendur hugi að endurnýjun skólplagna fyrr en síðar. Þannig megi oft koma í veg fyrir veruleg óþægindi og ekki síður kostnað. „Algengustu mistökinn sem fólk gerir er að bíða of lengi með viðhaldi á lögnum. Það vill enginn eyða í eitthvað sem ekki sést,“ segir hann og finnst allt of algengt að heilu íbúðirnar séu teknar í gegn, skipt um gólfefni, glugga og veggi en svo komi síðar í ljós að skólpið sé ónýtt. „Það segir sig sjálft að þannig getur orðið til kostnaðarsamur tvíverknaður.“

Gísli leggur því áherslu á að fólk láti athuga lagnirnar í húsum

sínum reglulega. Fólk geti til dæmis haft samband við GG Lagnir og fengið þá til að koma og meta ástand lagnanna. „Það er nefnilega kostnaðarsamara að laga hluti þegar allt er komið í óefni,“ segir Gísli. Inntur eftir því hvenær sé komið að viðhaldi svarar hann: „Steinrör sem lögð eru í hús í dag eiga að endast í fimmtíu ár. Þau rör sem lögð voru fyrir nokkrum áratugum voru örugglega af lélegri gæðum og því má kannski miða við að komið sé að viðhaldi þegar hús er orðið þrjátíu til fjörtíu ára gamalt.“

Nánari upplýsingar um GG Lagnir er að finna á vefsíðunni www.gglagnir.is.



Þegar taka þarf úr hornum á flísum þarf að nota flísaög. Merkið fyrir með vatnsheldum penna.



Einfalt er að flísaleggja smærri fleti eins og milli skápa í eldhúsinu upp á eigin spýtur.

NORDICPHOTOS/GETTY

Flísalögn á smærri fleti

Á netinu má finna leiðbeiningar um nánast hvað sem er og meðal annars um flísalögn. Smærri fleti eins og á milli skápa er tiltölulega einfalt að flísaleggja upp á eigin spýtur. Eftirfarandi ráð eru fengin af vefsíðunni www.wikihow.com.

1. Undirbúið vegginn

Byrjið á að fjarlægja alla rofa og innstungur af veggnum. Farið yfir veggflötinn með grófum sandpappír og strjúkið svo yfir með rökum klút til að hreinsa allt ryk.

2. Berið flísalím á vegginn

Notið tennta sköfu til að bera lím á flötinn með löngum strokum. Berið á fyrir um það bil átta flísar. Gætið þess að fyrsta flísaröðin sé lögð í beina línu. Byrjið til dæmis þar sem eldhúsbekkur mætir vegg þegar flísalagt er milli skápa. Einnig má tylla lista á vegginn og flísaleggja eftir honum fyrstu línuna.

3. Leggið flísarnar

Leggið flísina á vegginn og réttið hana af

með því að láta hana nema við borðplötuna eða listann. Þrýstið henni þétt að veggnum. Notið litla plastkrossa á milli flísanna svo að bilið verði jafnt. Haldið áfram koll af kalli þar til búið er að leggja á allan límflötinn. Berið þá aftur lím á vegginn fyrir um það bil átta flísar.

4. Skerið flísar

Þegar komið er út á enda þarf líklega að skera til flísar til að passa í horn. Leggið heila flís yfir bilið og merkið fyrir hvar þarf að skera. Notið flísa-skera til að skera beina línu. Ef skera þarf horn inn í flísa-arnar þarf að nota flísa-sög. Þegar sögin er notuð þarf að merkja á flísarnar með vatnsheldum merki-penna, þar sem vatn-buna kæliir blaðið á söginni.



Til að fá beina línu er gott að tylla lista á vegginn áður en byrjað er að leggja flísarnar.

5. Fyllið í á milli flísa

Þegar allar flísar eru komnar á vegginn og límið hefur þornað í sólarhring þarf að fúga. Blandið fúguna í hreinu plastfláti og berið á með gúmmísköfu, skáhallt yfir flísarnar. Strjúkið þétt yfir svo að fúgan þrýstist vel niður milli flísanna.

6. Þrifið flísarnar

Þegar búið er að fylla í allar rifur skal strjúka yfir flísarnar með rökum svampi. Skolið svampinn oft á milli. Strjúkið skáhallt yfir flísarnar til að ekki losni upp úr rifunum. Eftir um það bil hálf tíma ætti fúgan að vera þurr. Þá má strjúka yfir flötinn með þurrum klút til að fá glans á flísarnar. www.wikihow.com



Steypuskemmdir eru af ýmsum toga.

Ástæður steypuskemmda

Steypuskemmdir eru oft flokkaðar sem sprungur, frostskemdir/alkalískemmdir og ryðskemmdir. Á vef Slippfélagsins er að finna skilgreiningar á ólíkum steypuskemmdum.

Sprungur eru oft flokkaðar eftir því hver ástæðan er fyrir þeim. Sprungur geta verið meðal annars vegna rýrnunar, hitastigsmunar, frosts, alkalívirgni, sigs og jarðskjálfta.

Rýrnunarsprungur myndast vegna þess að útpornun steinsteypu er of hröð.

Hitamismunarsprungur stafa af álagi sökum mismunar á hitastigi útveggja og innveggja eða platna. Þetta eru stakar láréttar sprungur samsíða plötuskilum.

Frostsprungur verða þegar vatn þenst út þegar það frýs og skemmir við það steininn. Slíkar sprungur byrja sem fingert sprungunet sem stækkar með tíð og tíma.

Alkalísprungur. Seigfljótandi hlaup myndast þegar saman kemur mikill raki og ef steypa inniheldur of mikið af alkalíefnum (Na og K). Þetta veldur þenslu í steypunni og sprungur geta myndast. Lítið er um alkalísprungur í húsum sem byggð voru eftir 1980, til dæmis vegna hreinni hráefna í steypu og hjálparefna.

Sigsprungur myndast þegar jarðvegur undir byggingu eða hluta af byggingu sígur.

Jarðskjálftasprungur koma fram við jarðskjálfta.

Frost- og alkalískemmdir. Ef ekki er gert við sprungur eða sprungu-kerfi geta skemmdir magnast enn frekar með tíð og tíma. Vatn og önnur niðurbrotsefni komast enn frekar að og hraða eyðileggingunni.

Ryðskemmdir verða þegar steinsteypa missir tæringarvarnareiginleika sína með aldri. Ef styrktarjárn stendur of grunnt fer það að tærast, þar sem steinsteypan nær ekki að vernda járníð. Ef styrktarjárn fer að tærast sjást fyrst ryðblettir og ryðtaumar. Ryð er meira að rúm-máli en járníð og getur það brotið steininn meira og meira í kringum ryðskemmdirnar.



Á myndinni má sjá verkefni sem var unnið í sumar við Snorrabraut í Reykjavík. Húsið var allt tekið í gegn að utan og að lokum endursteynt með góðum árangri. Matthías Eyjólfsson múrarameistari er í forsvari fyrir Hágæði ehf. MYND/VILHELM

Viðhald fasteigna og fyrirbyggjandi varnir

Fyrirtækið Hágæði hefur um langt skeið sérhæft sig í múr- og steypuviðgerðum ásamt fyrirbyggjandi vörnum fyrir fasteignir. Hágæði selur einnig úrval efna sem tengjast viðhaldi og forvörnum.

Hágæði ehf. er heild- og smásali á fyrsta flokks efnum er snúa að forvörnum fyrir mannvirki. Matthías Eyjólfsson múrarameistari er í forsvari fyrir Hágæði ehf. og segir hann eitt meginmarkmið fyrirtækisins vera að uppfylla ströngustu kröfur um fagmennsku og góð vinnubrögð. „Þetta leiðarljós höfum við í allri starfsemi okkar. Við leggjum megináherslu á viðgerðir og viðhald fasteigna auk þess sem fyrirbyggjandi varnir skipa stóran sess í starfsemi okkar.“ Fyrirtækið starfrækir þrjá vefi, www.husavidgerdir.is, www.flisalagnir.is og www.hagaedi.is.

Meðal efna sem Hágæði selur er Wall Defense, sem er glært veggjakrotsvarnarefni. Það er borið á steypu og þá er hægt að þvo veggjakrot af í nokkur hundruð skipti án mikilla vandræða án þess að það

þurfi að endurbera varnarefnið á steypuna í hvert skipti eftir hreinsun veggjakorts.

Hágæði hefur einnig selt sílaefnið MCI-2018, sem er að sögn Matthíasar 100% sílaefni með tæringarvörn fyrir steypu. „Hefðbundin sílaefni eru vanalegast 40% og innihalda enga sérstaka vörn.“

Hágæði – Húsaviðgerðir veitir fyrsta flokks þjónustu í viðgerðum og viðhaldi á fasteignum og uppfyllir það allar ströngustu kröfur um vinnubrögð, hæfni og val á viðgerðarefnum. „Við sérhæfum okkur í múr- og steypuviðgerðum ásamt ýmsum fyrirbyggjandi vörnum fyrir fasteignir. Fyrirtækið hefur náð mjög góðum árangri í alhliða viðhaldi fasteigna. Við greiningu viðgerða skiptir miklu máli að velja rétt efni og allt er gert til að reyna að auka endingu viðgerða,“ segir Matthías.